



Mannréttinda- og lýðræðisráð

Á fundi mannréttindaráðs þann 13. mars s.l. var eftirfarandi tillaga samþykkt;

Mannréttindaráð samþykkir að fjölmeningardagur Reykjavíkur verði haldinn ágúst/september ár hvert í stað viðburðar í maí. Nýju mannréttindaráði og fjölmeningarráði, sem kosið verður eftir sveitarstjórnarkosningar í maí n.k., verði falið að útfæra hugmyndir að viðburðinum.

Tillögunni er hér með vísað til mannréttinda- og lýðræðisráðs.

Eftirfarandi greinagerð fylgdi tillögunni;

Fjölmeningardagur Reykjavíkurborgar 2009-2017

Fjölmeningardagur Reykjavíkurborgar hefur verið haldinn hátíðlegur frá árinu 2009 og hefur fest sig í sessi sem einn af föstum viðburðum Reykjavíkurborgar. Viðburðurinn skiptist í skrudgöngu, skemmtiatriði og markað, þar sem kynnt er handverk, hönnun, matur og menning frá hinum ýmsu löndum. Einnig hafa félagasamtök og þjónustustofnanir sem starfa að málefnum innflytjenda kynnt sína starfsemi á þessum degi.

Verkefnið hefur vaxið mjög síðustu 9 ár. Gestir voru fyrstu árin um 5.000 en síðustu ár hafa þeir verið um 15. 000 manns. Undirbúningur dagsins krefst orðið meiri vinnu og viðburðarreynslu en mannréttindaskrifstofa býr yfir.

Mannréttindaskrifstofa sem hingað til hefur borið ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd fjölmeningardagsins óskar nú eftir að verkefnið verði framvegis unnið af höfuðborgarstofu í samstarfi við mannréttindaskrifstofu.

Mannréttindaskrifstofa myndi gjarnan vilja sjá viðburði fjölmeningardags Reykjavíkur haldna samhliða til að mynda Menningarnótt, 17. Júní, Hönnunarmars og/eða öðrum viðburðum borgarinnar.

Markmið fjölmeningardags Reykjavíkurborgar og innflytjendasamfélagið

Markmiðið fjölmenningsdagsins er að fagna þeim fjölbreyttu áhrifum sem borgarsamfélagið býður upp á. Dagskrá hefur ávallt tekið mið af því að bæði félagasamtök og einstaklingar taki þátt. Grasrótar félögum og stofnunum sem vinna í málefnum innflytjenda, hefur einnig verið boðin þátttaka þeim að kostnaðarlausu til að kynna sína starfsemi.

Fjölmenningsdagur var til umræðu á Fjölmenningsþingi 2017. Þátttakendur þingsins voru spurðir í stuttri könnun hvort þeir teldu núverandi fyrirkomulag fjölmenningsdagsins endurspeglar nægjanlega vel áhrif og þátttöku innflytjenda í samfélaginu. Af þeim (25 af 53) sem svöruðu eða 47% töldu fjölmenningsdaginn ekki vera að ná tilætluðum markmiðum í núverandi mynd eða töldu sig ekki vita hvort svo væri.

Þá töldu (40 af 53) eða 75% ástæðu til að beina frekar kröftum og fjármagni til að styrkja innflytjendur í að taka þátt í öðrum viðburðum og hátíðum borgarinnar. Það kom þó skýrt fram í umræðum vilji til að gera hvort tveggja, þ.e.a.s. halda fjölmenningsdaginn en leitast við að nota daginn til að styrkja innflytjendur á fjölbreyttari hátt.

Um það bil 40 félagasamtök og þjóðarhópar taka þátt í fjölmenningsardegi.

Dagskrá

Fjölmenningsdagurinn hefur hafist með fjölmenningsgöngu sem fer frá Hallgrímskirkju að ráðhúsi/Hörpu. Í göngunni taka þátt íbúar Reykjavíkurborgar ásamt ýmsum samtökum innflytjenda á Íslandi.

Í lok göngunnar hefst alþjóðalegur markaður inni ráðhúsi/Hörpu, þar sem kynnt er handverk, hönnun og menning frá hinum ýmsu löndum. Síðastliðinn tvö ár hefur sérstakt matartjald verið sett upp úti við Hörpu til þess að kynna matarmenningu ýmissa hópa.

Þátttaka

Fjölmenningsdagurinn hefur verið haldinn árlega frá árinu 2009 og þá voru gestir um 5000 sem mættu á dagskrá hátíðarinnar í Ráðhúsi og Iðnó. Um 3000 manns tóku þátt í fjölmenningsgöngu.

Árið 2015 var hátíðin haldin í Ráðhúsi, Iðnó og Tjarnarbíói en vegna mikilla þrengsla á hátíðinni var atburðurinn færður í Hörpu árið 2016.

Á árunum 2016 og 2017 voru gestir á milli 15 til 20 þúsund manns.

Árið 2017 fóru hátíðahöldin fram í Flóa, Silfurbergi og í veislutjaldi fyrir utan Hörpu.

Fjölmenningsborgir

Fjölmenningsdagur Reykjavíkur endurspeglar ákveðin velvilja í garð fjölbreytni og fjölmennings. Hætta er þó á að núverandi áherslur dagsins ýti undir einsleitar staðalímyndir

innflytjenda. Áherslur fjölmeningardags hafa að miklu leyti einskorðast við þjóðleg formerki s.s. búninga-, dans- og matarmenningu ákveðinna hópa.

Birtingarmyndir innflytjenda eru ótal margar og einskorðast ekki við þjóðmenningu hinna ýmsu landa. Reykjavík er aðili að verkefninu Intercultural Cities og er þar mælt með að viðburðir séu ekki eingöngu undir þjóðlegum formerkjum minnihlutahópa (ethnic terms). Þjóðmenning endurspeglar ekki fjölbreytta þátttöku og áhrif innflytjenda í borgarsamfélagi og hefur tilhneigingu til að viðhalda þeirri hugmynd að samfélögin sem þau tilheyra séu menningarlega „aðrir“, og styrkja þannig frekar hugmyndir um að menningarlegur munur sé hindrun í sambúð og samskiptum ólíkra hópa.

Stefnumótun og aðgerðir til þess að styðja við fjölbreytni og samhljóm ólíkrar menningar verða að líta lengra og gera sér far um að skapa vettvang til samskipta og tengsla, undir öðrum formerkjum en þjóðlegum eða þeim sem einkenna ákveðna hópa. Tækifæri til tengsla geta verið bæði formleg og óformleg s.s. í samstarfi við skóla, íþróttaiðkun, kaffihús, félagsmiðstöðvar eða í opnum opinberum rýmum.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri Reykjavíkur